

SVEIFLUFRÆÐIN og hið mikla máttarorð

Greinar mínar í „Ganglera“ „Birthing lífsins“, þar sem gerð er tilraun til þess að sýna, hvernig lífið hafi birst fyrst og hin birta tilvera liðið fram úr hinni eilífu hvíld og hafið starf sitt og svo um „Þróunarátlanina“, frásögnin um það hver sé niðurskipun eða tilhögun starfsins, þegar birthing lífsins er hafin, eru nauðsynlegur og óhjákvæmilegur undanfari þess viðfangsefnis, sem nú verður gert að umtalsefni.

Það er sem sé ólokið að tala um það, hvernig tilveran fari að því að vinna verk sitt.

Það er þetta, sem nú kemur til athugunar. En ég verð að taka það fram, að jafnvel þó að ég ráðist í það að reyna að segja frá þessu, þá er mér það fyrirfram ljóst, að hæpið er það mjög, að ég geti gert verkinu þau skil, sem það verðskuldar, og einkum það, hvort ég geti gert það svo skiljanlegt, að þess verði einhver veruleg not fyrir lesandann.

Sveiflufræðin

Áður en við tökum til við aðalverkefnið, er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um sveiflufræðina og aðstoð þá, sem hún veitir sem undirstaða þess, sem hér fer á eftir.

Þegar vel er að gáð, þá byggist öll þróun og starfsemi tilverunnar á sveiflum, straumum eða skjálfta. Tilveran er byggð upp með sveiflum, henni er haldið við með sveiflum og henni er að lokum eytt með sveiflum.

Til þess að benda á eða færa líkur fyrir því að sveiflurnar eða hinir ýmsu tónar tónstigans móti ákveðnar línur eða form, má benda á þá staðreynd, að ef sandkorn eru látin á málmplötu og svo er fiðlubogi dreginn eftir rönd plötunnar, og hún látin gefa ákveðinn tón, þá raða sandkornin sér í ákveðnar línur eða myndir á plötunni og þetta gerist á mismunandi hátt eftir því hvaða tónn er dreginn, þá breytist röðun kornanna eða myndir þær, sem þau móta, allt eftir því hvaða tónn er dreginn.

Þetta sýnir það, að sveifla sú, sem hver tónn framleiðir, skapar ákveðið form í náttúrunni. Þess vegna hefur því verið veitt eftirtekt, að frummyndirnar í steinaríkinu, sem sé kristallarnir, eru í mismunandi lögun eða formi og eru mótaðir í mismunandi flötungum. Þessi móttun er árangur af sveifluverkunum í náttúrunni, sem hefur unnið á efninu og mótað það, meðan verið var að hlaða því saman eða þrýsta því saman. Efnið hefur í sér móttökuhæfileika. Þess vegna svarar það mismunandi sveiflum og hver tegund sérstökum sveiflum, en öðrum ekki, og því birtist mismunandi lögun eða form eftir því, hvaða tónn nær tökum. Og tónarnir leika ætíð á efnið og móta það og halda því við og byggja það upp og endurnýja það. Það, sem ekki þolir sveiflumagnið, sundrast og leysist upp og nýtt efni, sem þolir eða er í samræmi við sveifluna, kemur í staðinn, því að hin birta eða starfandi tilvera, sú tilvera, sem er undir þróun, er full af efni.

Til þess að benda á, að eigi sé í þessu efni alveg talað út í bláinn, þá er sögn til um það, að tónarnir geta einnig sundrað gervinu, sem einu sinni endur fyrir löngu var byggt upp og skapað með sveiflum. Fyrir nokkrum árum stóð hornaleikaraflokkur einn undir grjótvegg suður í Þýskalandi. Af hendingu einni endurtók flokkurinn aðeins einn og sama tón hvað eftir annað, og er hann hafði gert þetta mörgum sinnum, vissi enginn fyrir til en að grjótgarðurinn hrundi og allt grjótið úr honum varð að fínu dufti. Það, sem hér gerðist, var það, að hornaflokkurinn blés út grunntón steinsins og þandi hann svo og magnaði, að gervið þoldi hann ekki lengur og sundraðist. Á þennan hátt fer náttúran að því að eyða því, sem hún hefur byggt

upp. En hún gerir það venjulega á lengri tíma en atvik það greinir frá, sem talað er um hér að framan.

Nú hafa vísindin komist að raun um það, að efnið muni allt vera ljós og er það því í raun og veru horfið úr höndum manna í því ásigkomulagi, sem þeir hafa hingað til haldið að það væri í. Hið svonefnda jarðneska efni er gufað upp og í rauninni ekki til í ábyggilegu ástandi frá sjónarmiði raunvísindanna.

Athugum svo eitthvað af þeim öflum, sem menn hafa af hendingu komist í kynni við, svo sem þau fyrirbrigði í náttúrunni, sem við nefnum rafmagn og segulmagn. Hvað rafmagninu viðvíkur, þá vita vísindin eigi hvers konar kraftur það er og geta eigi skýrt það. En mikill er sá kraftur og mikið er unnt að gera með honum, þegar menn hafa byggt orkustöðvar til þess að safna honum saman og veita honum þaðan til notkunar í nothæfu ástandi. En dulvísindin vita að þessi kraftur hefur alltaf verið til, og að hann er alls ekki jarðneskur, heldur eru upptök hans í æðri veröldum.

Ýmsum geislategundum hafa menn náð og notað, sem eigi verða séðar með berum augum og eru því í rauninni aldrei í jarðnesku ástandi. Menn verða því að nota sérstök áhöld til þess að geta skynjað þær með jarðneskum skynfærum. Er í því efni átt við gammageisla, x-geisla eða röntgengeisla.

Menn þekkja vel áhrif sólar og tungls á lífið hér á jörðu og ættu að skilja það, að áhrif þeirra ná ekki til vor nema fyrir streymi geisla, áhrif þeirra og verkanir.

En fleiri áhrifategundir eru einnig á ferðinni. eru það áhrif allra plánetnanna. Hafa þær hver um sig ákveðnu áhrifamagni yfir að ráða og senda frá sér þessi áhrifamögn út í rúmið og er þeim veitt viðtaka alls staðar þar sem möguleiki er fyrir því.

Það hefur einnig verið fundið, að öll frumvægi í öllum efnum og frumefnunum svo nefndu, eru samsett af öreindum og eru öreindir þessar á ógurlega hraðri hreyfingu í frumvæginu og fara með geysihraða utan um kjarna frumvægisins. eru frumvægi þessi eins konar smækkuð sólkerfi og er hraði frumeindanna nú talinn að vera um 500 þúsundir kílómetra á sekúndu hverri. Það er engin smá orka, sem birtist í þessari starfsemi.

En nú getum við haldið lengra inn í hið óþekkta, því að við erum nú þegar komin inn í hina æðri heima, í gegnum fortjaldið, sem aðskilur þá frá hinum jarðneska heimi, því að öll þau áhrifamögn, sem nú hefur verið minnst á, eiga upptök sín í þeim heimum. Það er að minnsta kosti alveg óhætt að fullyrða það. Hitt er aftur annað mál, hvar í æðri heimum þau eiga upptök sín og hvar er hin raunverulega uppspretta þeirra.

Efnið í hinum jarðneska heimi er, eins og áður hefur oftast en einu sinni verið minnst á, grófast og þunglamalegast og er það því tregast í öllum hreyfingum. Efnasamsetning hinna hærri veralda er mörgum sinnum finni og þar af leiðandi er sveiflumagnið í þeim veröldum mörgum sinnum tíðara og hraðinn svo miklum mun meiri. Afleiðing þessa er sú, að miklu finni og völdugri orkutegundir geta gert vart við sig í þeim heimum og framleitt ákveðnar verkanir þar, sem við getum alls ekki orðið vör við hér í þessum heimi, því að efni hans er ekki nógu þétt og fíngert til þess að veita þeim viðnám. Sveiflumagnið er því völdugra sem herra kemur í tilverunni og efnið er samfelldara og fínna. Því segja sumir dulfræðingar Austurlanda, að hinir jarðnesku hnettir séu eins konar eyður í ljósvakanum eða glompur, séð

frá hæðum hinna hærri veralda. T. d. má geta þess, að einn sólarhringur í geðheimum jafngildir einu ári hér og fjórar mínútur í hugheimum jafngilda einu ári hér. Þetta er munurinn á sveiflumagni og hraða í þessum heimum, samanborið við okkar jarðneska heim, sveiflumagnið og starfsemina hér. Að sama skapi er munurinn á rúmi og tíma í þessum veröldum samanborið við jarðheim. Og hvað mun vera þegar ofar dregur til ennþá hærri veralda.

Lesandinn verður að hafa það hugfast, að allt er sveifluhreyfingar, jafnvel hið grófa efni, svo sem steinamir og björgin, því allt er í því á stöðugri hreyfingu, öll frumvægin í þeim eru á stöðugri hreyfingu og vinna þar með hinum ákveðna hraða. Það er því allt lifandi líf.

Vinnubrögðin

Ég gat þess í greininni „Brot úr þróunaráætlun“, að frumþróunin hefst með fyrsta frumeindaríkinu. Þegar ný hnattakeðja hefur starfsemi sína, kemur ætíð nýtt frumeindaríki til sögunnar. Öll hin ríkin sex koma frá fyrri hnattakeðju.

Fyrsta frumeindaríkið er á hinum hærri svæðum hugheima, eða í hinum svonefndu formlausu heimum, neðan frá skynjað. Í heimum þessum býr hin heimspekilega hugsun mannsins og birtist þar sem óhlutræn mynd. Efnið í þessum heimum er því afar fíngert og sveiflumagn þess er því afar mikið. Á þetta efni verkar því þessi hærri tegund hugans. Eins konar gervi mótast þá þarna eða form, en þau eru afar fín og létt. En nú ber þess að gæta, að þróun þessara mynda á að fara niður á við, en ekki upp á við, því að þetta er byrjun niðurþróunarinnar. Allt hlýtur því að beinast að því takmarki, að gera gervin smátt og smátt þéttari eða öllu heldur grófari, svo að þau færast niður á við, því að allt beinist hér að niðurþróun (involution) - þar sem andinn byrjar að vefja efninu utan um sig og sækir lengra niður í hið grófara efni.

Einnig ber að, geta þess, að þetta gerist ekki án ákveðinna áhrifa eða ytri og innri verkana. Andinn og efnið, þessar tvær völdugu uppistöður hinnar birtu eða starfandi tilveru, hafa í sér sjö eðlisþætti, hvort um sig, sem svara til litanna í ljósbandinu - og hver þessara lita hefur einnig í sér sjö liti eða alla litina, en aðalliturinn er mest áberandi. Rauði liturinn hefur t. d. í sér alla hina litina, en rauði liturinn er mest áberandi og er því sýnilegur. Andinn hefur því í sér 49 liti og efnið sömuleiðis, því að samvinna áhrifanna getur eigi komið til greina, nema móttækileiki sér til staðar og því verður samsvörun og samvinna, því að „líkur sækir líkan heim“. Upp úr þessu birtast því 49 sinnum 49 áhrifa- og samvinnusambönd, sem framleiða 2401 tegund lífgerva eða veruflokka. Þess vegna eiga að finnast 2401 tegund í hverju náttúruríki.

Nú er því svo háttáð, að þetta gerist ekki að öllu leyti af sjálfu sér. Öllu er stjórnað og umsjón með öllu. Ekkert er það fyrirbrigði til í tilverunni, sem ekki er árangur af vinnu vitsmunavera. Það, sem við nefnum náttúruöfl, er árangur af starfi völdugra vera, sem eru aðstoðarmenn, valdhafar eða þjónar þróunarinnar og lífsins, Þær aðstoða við byggingu heimanna, tilverustiganna og þróun náttúruríkjanna. Gera þær þetta með því völduga áhrifamagni, sem þær hafa yfir að ráða,

Í því atriði, sem hér um ræðir, eru það sérstakir þjónar, sem taka að sér það mikla hlutverk að móta og fullgera þetta náttúruríki og skapa gervi þess og gera þeir það með sérstökum tegundum af ljóssveiflum, sem þeir senda frá sér, og vinna á þann hátt að því að tendra upp

eðli í hinum lifandi anda, sem hefur sameinast þessum gervum og styrkja þau og vinna að því að gera hann sterkari og þau um leið grófari, til þess að hann og þau geti smátt og smátt á ótölulegum aldaröðum náð því takmarki að ganga inn í næsta náttúruríki fyrir neðan, sem nefnist annað frumeindaríkið og á heima á lægri svæðum hugheima.

Það er hliðstæð starfsemi, sem á sér stað þegar um mótun og þróun annars frumeindaríkisins er að ræða. Að sjálfsögðu eru lífsgervin tiltölulega grófari en í fyrsta frumeindaríkinu og vaxa þau smátt og smátt niður á við og verða ætíð grófari og sterkari eftir því sem neðar dregur í þróunarstiganum.

Það lætur að líkindum, að lík aðferð er notuð og í fyrsta frumeindaríkinu, að sérstakir þjónar eða voldugar verur hafa með höndum það hlutverk, að lyfta undir og flýta þróun þessa náttúruríkis eins og hins fyrra og gera það með sveiflumagni, sem samsvarar því stigi, sem um er að ræða og ætlunarverki því, sem því er ætlað að fullgera.

Þriðja frumeindaríkið er næst í röðinni og á það heima í geðheimum. Er það áframhald af öðru ríkinu og því enn þá grófara og leitar lengra niður í þróunina.

Því er það að aðrir þjónar eða voldugar verur taka að sér umsjón með þróun þessa ríkis og vinna að því að leiða það áleiðis að næsta takmarkinu, og gera þær það með því að beina að þeim verum, sem þar eru, ennþá grófari sveiflum en þeim, sem notaðar voru við hin náttúruríkin, hið fyrsta og annað ríkið.

Erum við þá komin að fjórða náttúruríkinu, sem er steinaríkið. Er það grófast allra ríkjanna og nær lengst niður í efnið. Þegar niður í það ríki er komið, hefur andinn vafið utan um sig eða hulið sig í öllu því efni, sem honum er mögulegt að nota sér til dvalar og þróunar.

Eru það einnig voldugar verur, sem sjá um þróun þessa ríkis, eins og hinna fyrri. Er sagt að andinn sofi í steinaríkinu, dreymi í jurtaríkinu, rumski í dýraríkinu og vaki í mannum.

Það þarf því að sjálfsögðu sterk öfl til þess að vekja hann í steinaríkinu. En þetta gerir nú náttúran við og við með því að hrista jörðina með landskjálftum, eldgosum, hvirfilbyljum og sjávarágangi og með því að mylja niður kletta og fjöll. Við þessi sterku átök rumskar andinn, sem dvelur í steininum og verður var við tilveru sína.

Þegar þróun steinaríkisins er lokið, eða þegar hún er í raun réttri hálfnuð, hefst annar aðalþáttur þróunarinnar, sem sé uppþróunin (evolution). Skiptir nú algerlega um verkefni, því að nú fer andinn að rekja efnið utan af sér og heldur því áfram þangað til að hann er frjál.

Fimmta náttúruríkið eru jurtirnar. Samsvara þær geðheimum og þriðja frumeindaríkinu. Er meðal annars fjöldi vera, sem aðstoða við þá þróun, meðal annars til þess að gefa gervunum litina og ilmanina. Vinna þær einnig með sveiflum, því að litirnir eru líka sveiflur. Á sama hátt vinna vissar verur að því að gefa fuglum loftsins lit og að sjá um litbreytingar sumra fuglategunda, sem gerast á árstíðafresti. Gróðurinn verður einnig fyrir árstíðabreytingum og samkennir sig þeim, vegna þess að hann verst þeim, sem afleiðing af ótal endurtekningum ár eftir ár og öld eftir öld, því rótin lifir og er eigi deydd, og vitundin lifir þar jafnvel þó að hún sé ekki mjög vaxin á því stigi þróunarinnar. En vitundin er aðalatriðið í þróuninni.

Sjötta ríkið í þróuninni er dýraríkið. - Um það má hið sama segja og hin hér á undan, að það er undir gæslu og það því fremur, sem tilfinningalíf þess er mjög vaxið og einnig hafa dýrin hugsun nokkra í formi. Þau sjá og kynnast alls konar gervum, sem hugsun þeirra mótar myndir af. En þau lúta eigi að síður náttúrulögmálunum. Þau hafa lítið og þröngt einstaklingsfrelsi. Þau eru enn þá í Paradís. Dýraríkið samsvarar að nokkru öðru frumeindaríkinu vegna hugsanahæfileikans, sem áður er getið.

Sjöunda ríkið og síðasta eru mennirnir. Samsvara þeir fyrsta frumeindaríkinu, sem þróunin hefur göngu sína í, vegna þess að maðurinn fullgerir þessa hina lægri þróun. Takmark hans er að verða frjálst, losna við takmörk hinna lægri heima og verða fullkominn. Vegna hugsanahæfileikans geta mennirnir mótað eða skapað form eða gervi með hugsun sinni, því að hún er skapandi máttur á sviði því, sem hún starfar á. Maðurinn hefur frelsi til þess að gera áætlanir og athuganir, sem hafa áhrif fram í tímann. Ekkert hinna náttúruríkjanna er þess megnugt. Frelsið er mannum gefið, en vegna þess að hann er enn ófullkominn, er það vitað, að hann muni ekki framkvæma öll verk sín á fullkomnasta hátt, enda er þróun hans ekki ennþá svo langt komin áleiðis, að þess sé að vænta. Það lætur því að líkum, að mennirnir muni ekki síður en hin náttúruríkin vera undir nákvæmu eftirliti og aðstoð. Enda er það svo í raun og veru.

Sú grein hinna dulrænu fræða, sem best sýnir vinnubrögð náttúrunnar í þessu efni og hefur best tókin á að færa líkur fyrir því að sanna veruleika þessara hluta, er stjörnuspekin. Stjörnuspekin byggir á því sem staðreynd, að allt sólkerfið sé ein starfandi heild og að sama máli sé að gegna með alla tilveruna, að hún sé einnig og ekki síður starfandi eining, einn líkami, ein órjúfanleg heild. Stjörnuspekin heldur fram þeirri staðreynd, að sólin, tunglið og pláneturnar séu voldugar orkustöðvar, sem sendi frá sér stöðugt orku út í rúmið, og að þessi orka leiki um jörðina sýknt og heilagt og að allar verur á þessari jörð verði því fyrir stöðugum áhrifum frá þessum orkustraumum og svari þeim eftir atvikum á hverjum tíma. Hvað mennina áhrærir þá svara þeir þessari orku óafvitandi, allflestir. Þó eru þeir til, sem eru sér þess vitandi og haga sér eftir því. Og þróun manna liggur í því að þeir hætta að svara grófari áhrifasveiflum og flytja sig upp í aðrar fínir, ef svo mætti að orði komast, og á þann hátt geta þeir með aðstoð þessara ytri afla náð að lokum takmarki því, sem þeim er sett: Fullkomnun.

En mennirnir hafa, þegar fram í sækir, ýmis hjálparmeðul, því að til er innri þróun, sem er mörgum sinnum hraðari en sú ytri, og þegar þangað er komið, geta menn vitandi vits orðið andlegar orkustöðvar, sem veita stöðugt frá sér lífi og krafti á sama hátt og hnettirnir í sólkerfinu, en vitanlega eigi jafnvíðtækum og voldugum og þeir. En þeir hafa samt sem áður stöðug áhrif á umhverfi sitt og lyfta því stöðugt undir þróunina og örva hana. Og fari þeir rétt að, vinni til þess að fórna lífinu hæfileikum sínum, vaxa þeir að sama skapi og viðleitni þeirra vex og verður ætíð voldugri orkustöðvar.

Í trúarbrögðunum og starfsemi þeirra stíga sumir þessara manna fyrstu skrefin í þessa átt. Í hinum innri heimspekiskólum fortíðar, launhelgunum, í andatrúarstarfsemi, einkum lækningatilraunum hennar, í launhelgum nútíðar, fá þeir, sem hæfileika hafa til þess að verða farvegir fyrir hina miklu skapandi orku lífsinsæfingu í því að meðhöndla þessi öfl, fyrst í samvinnu við aðra og síðar sem sjálfstæðir orkumiðlarar. - Og hver orkustöðin stendur á bak við aðra og veitir orku niður í hæfilegum mæli á hverjum tíma til þess að þróunin geti notið hæfilegs skammts sér til örvunar og gagns. Og þess má geta, að allar þessar orkustöðvar eru vitsmunaverur, sem mynda eins konar tengiliði við hið æðsta líf og eru því hæfilegar

straumskiptistöðvar og milliliðir á milli hins lægra og æðra, því að væri hinni miklu orku hinnar æðstu tilveru veitt óbreyttri og ótakmarkaðri inn í eða niður í hina lægstu tilveru, mundi hún ekki þola hana eitt augnablik. Í einu vetfangi mundi hún sundrast. Það er því séð fyrir því að hæfileg orka eða sveiflumagn hinna æðri heima sé gefið á hverjum tíma, sem unnt er að veita viðtöku, og eftir því sem mennirnir vaxa í áttina til hins andlega, soga þeir í sig eða veita viðtöku af þessari orku, hinum mikla andlega samhljómi, hinum miklu völdugu sveiflum tilverunnar. Og öll hin lægri tilvera og öll ríki hennar njóta góðs af þeirri blessun, sem þannig er gefin þeim af þjónum hins æðra lífs og það án tillits til þess, hvernig og í hvers konar ástandi móttakendurnir eru. Þeir veita viðtöku því, sem þeir ná hver um sig og hefur þeim því óhjákvæmilega verið úthlutað eftir því sem þeir hafa unnið til - eftir því sem þeir geta veitt viðtöku. - Þeim hafa verið réttlátleg laun greidd.

Hið mikla máttarorð

Hvaðan er öll sú orka komin, sem talað er um hér að framan. Þessi orka, sem allt virðist skapa, öllu viðhalda og að lokum eyða, sem gegnum streymir allar veraldir og hverja efnisögn og öreind í allri alveru, sem heldur gangi himintungla, hnatta, sólna og vetrarbrauta í hinni styrku hendi sinni, er hið mikla máttarorð - er hinn mikli ómur tilverunnar, orðið - logos - Aúm á sanskrít, sem er einungis fyrsta samstafan í nafni Logosar sólkerfisins, og er það svo hluti úr öðru enþá hærra nafni, sem verið er að nefna, og er sögn þess nafns ekki lokið fyrir en tilveran hefur lokið starfi sínu.

Í táknafræðinni er þetta meðal annars sýnt í messu kirkjunnar. Þar er upphaf sköpunar, viðhald sköpunar og eyðing tilverunnar sýnd í messulokin. En hvíldin í milli tilveranna er sýnd í tíma þeim sem líður þangað til ný messa fer fram. Þá birtist ný tilvera með öllum þeim aragrúa vetrarbrauta, sólkerfa og hnatta og ótölulegum fjölda vera, sem eru í þróun og sækja að marki, sem enginn hefur vitað, veit, né mun vita.

Jón Árnason, prentari.